



Lúxemborg, 19 júní 2003

Fréttatilkynning 04/03

Dómur í máli E-2/02 *Technologien Bau- und Wirtschaftsberatung GmbH og Bellona Foundation* gegn *Eftirlitsstofnun EFTA*

EFTA-dómstóllinn kvað í dag upp dóm í máli sem höfðað var til ógildingar á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) á sviði ríkisstyrkja frá 31. maí 2002. Málinu var vísað frá dóminum þar sem ákvörðun stofnunarinnar, sem beindist að Noregi, var ekki talin varða stefnendur beint eða persónulega, eins og áskilið er í 2. mgr. 36. gr. samnings um stofnun eflirlitsstofnunar og dómstóls þegar mál er höfðað fyrir dómstólnum af öðrum en þeim sem ákvörðun ESA beinist gegn. Stefnendur voru því ekki taldir geta átt aðild að málinu.

Atvik málsins voru nánar þau að norsku umhverfisverndarsamtökin *The Bellona Foundation*, sem upphaflega kvartaði til ESA vegna hinna fyrirhuguðu ríkisstyrkja, og þýska ráðgjafafyrirtækið *TBW* höfðu málið sameiginlega fyrir EFTA-dómstólnum gegn ESA og kröfðust ógildingar á ákvörðun stofnunarinnar. Með ákvörðun þessari samþykkti eftirlitsstofnunin norskar reglur sem gerðu ráð fyrir sérstökum fyrningarreglum í skattalögum vegna fjárfestinga í tengslum við vinnslu gass á tilteknum svæðum í Noregi. Norska ríkið var meðalgönguaðili í málinu til að styðja málatabúnað Eftirlitsstofnunar EFTA.

Niðurstaða dómstólsins byggist m.a. á því, að stefnendur hafi ekki sýnt fram á, að umrædd ákvörðun ESA í ríkisstyrkjamálinu geti haft neikvæð áhrif á fjárhagslega hagsmuni þeirra og veitt þeim rétt til aðildar á þeim grundvelli. Þá var hvorki talið, að norsku náttúruverndarsamtökin gætu í skjóli umboðsreglna rekið umrætt ógildingarmál fyrir dómstólnum, né heldur gæti sú staðreynd að samtökin kvörtuðu til ESA á sínum tíma nægt til að veita þeim slíka aðild. Í dóminum er hins vegar ekki tekin afstaða til þeirrar spurningar hvort umræddar fyrningarreglur í norskum skattlögum feli í sér ríkisstyrk sem andstæður sé EES-samningnum.

Dómurinn í heild er birtur á vefsíðunni: www.efta.int.

EFTA-dómstóllinn skipa dómurarnir Carl Baudenbacher (forseti), Per Tresselt og Þorgeir Örlygsson.

Hér er aðeins um að ræða fréttatilkynningu. Aðeins dómurinn sjálfur gildir.